

SAMNINGUR

Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps um

Sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk

1. gr.

Forsendur og markmið

Þann 1. janúar 2011, með breytingu á lögum og samkomulagi um tilfærslu þjónustu, tóku sveitarfélög við þeirri þjónustu sem ríkið hefur veitt fötluðu fólki. Til að tryggja árangur þessarar tilfærslu þurfa sveitarfélög að hafa faglegan og fjárhagslegan styrk á sviði félagsþjónustu.

Akureyrarbær annars vegar og Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur hins vegar (hér eftir sameiginlega „aðildarsveitarfélögin“ eða „samningsaðilar“) hafa ákveðið að gera með sér samning um þjónustu við fatlað fólk, sbr. 6. mgr. 3. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (hér eftir „lög um þjónustu við fatlað fólk“) og á grundvelli 92., 93. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir „svstjl.“).

Samningurinn byggir á lögum um þjónustu við fatlað fólk og þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, s.s. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þegar fötluð börn og fjölskyldur þeirra eiga í hlut. Samningurinn tekur einnig mið af stjórnsýslulögum nr. 37/1993 (hér eftir „ssl.“) sem og áætlunum íslenska ríkisins er varða málefni fatlaðs fólks, s.s. framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Markmið samningsins eru einkum að (i) tryggja fötluðu fólki samþætta og heildstæða þjónustu, (ii) laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra; og (iii) stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.

2. gr.

Skilgreiningar

Í samningi þessum hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu:

Framkvæmdaráð: Aðildarsveitarfélög samningsins mynda framkvæmdaráð sem er vettvangur til þess að fjalla um stefnumótun málaflokksins, almennan rekstur þjónustunnar á starfssvæðinu, starfsáætlun og rekstraryfirlit. Framkvæmdaráð veitir jafnframt umsögn um drög að fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar í þeim málaflokkum sem undir samning þennan heyra. Ráðið hefur þó eingöngu ráðgjafahlutverk og á ekki að fjalla um einstök mál. Í ráðinu sitja sveitarstjórnar aðildarsveitarfélögin, ásamt sviðsstjóra velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Fagráð: Teymið heyrir undir sviðsstjóra velferðarsviðs Akureyrarbæjar. Fagráðið er skipað þremur (3) forstöðumönnum innan velferðarsviðs, auk þjónustustjóra sem er starfsmaður ráðsins. Til ráðsins berast erindi frá matsteymum velferðarsviðs í þeim málum þar sem óskað

er eftir þjónustu sem er ekki til eða þar sem kostnaður myndi fara fram úr áætlun. NPA samningar eru ávallt afgreiddir hjá fagraðinu.

Matsteymi: Matsteymi velferðarsviðs eru fjögur (4); (i) barna- og fjölskylduteymi, (ii) stuðnings- og stoðþjónustuteymi, (iii) búsetuteymi og (iv) teymi um virkni og vinnu. Öll taka þau við umsóknum um viðeigandi þjónustu og fer þar fram mat á þjónustubörf.

3. gr.

Þjónustusvæði í Eyjafirði

Aðildarsveitarfélögin mynda sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk. Þjónustusvæðið er ekki sjálfstæður lögaðili.

Sveitarfélagið Akureyrarbær er leiðandi sveitarfélag á þjónustusvæðinu og skal veita fötluðu fólki sem á lögheimili í einhverju aðildarsveitarfélaganna þjónustu, eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum, í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk, reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, leiðbeinandi reglna og handbóka sem ráðherra gefur út; og önnur lög og reglur sem geta átt við, þ.á.m. ssl. og alþjóðlegar skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur, sbr. 4. mgr. 1. gr. samnings þessa. Í þessu felst að sveitarstjórnir Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps hafa ákveðið að framselja til Akureyrarbæjar vald til stefnumótunar og framkvæmdar þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélagunum, í samræmi við ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir; og 92., 93. og 96. gr. svstjl.

Það er sameiginlegur vilji aðildarsveitarfélaganna að jafnræðis sé gætt í vinnu með fötluðu fólki með langvarandi stuðningsþarfir og fjölskyldum þeirra óháð búsetu.

4. gr.

Valdheimildir leiðandi sveitarfélags, valdframsal og samningar við einkaaðila

Akureyrarbær er eins og áður segir leiðandi sveitarfélag í skilningi 96. gr. svstjl. Það felur í sér að önnur aðildarsveitarfélög samningsins hafa framselt vald til töku ákvarðana, í málaflokkum sem samningurinn nær yfir, til Akureyrarbæjar. Endanleg ábyrgð á ákvörðunum liggur því hjá bæjarstjórn Akureyrarbæjar eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum. Aðildarsveitarfélög skulu einnig tryggja eftir því sem við á að valdframsal til Akureyrarbæjar sé í samþykktum þeirra um stjórn og fundarsköp.

Akureyrarbær ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og tekur ákvarðanir um útgjöld. Aðkoma annarra sveitarfélaga að fjárhagslegum þáttum samningsins er tryggð í gegnum framkvæmdaráð í samræmi við 7. gr. samningsins.

Akureyrarbær hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvarðana, sé slíkt heimilt í lögum þeim er um þjónustuna gilda, til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykkt Akureyrarbæjar um stjórn og fundarsköp í samræmi við svstjl. og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda. Akureyrarbær tilkynnir sveitarfélagunum sem og framkvæmdaráði um slíkar ákvarðanir um valdframsal. Akureyrarbær er jafnframt heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustu og verkefna sem falla undir samning þennan en viðkomandi aðili skal uppfylla lögskyld skilyrði til þeirrar starfsemi, s.s. rekstrarleyfi

frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Þá verða slíkir samningar að samrýmast lögum um þjónustuna, svstjl. og rúmast innan samþykkrar fjárhagsáætlunar.

5. gr.

Framkvæmd þjónustunnar. Velferðarráð og áheyrnarfulltrúar

Velferðarráð Akureyrarbæjar fer með framkvæmd verkefnisins á samningstímanum, með vísan til samþykkrar velferðarráðs Akureyrarbæjar. Velferðarráð tekur til umfjöllunar fundargerðir framkvæmdarráðs.

Aðildarsveitarfélögin tilnefna sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundum Velferðarráðs Akureyrarbæjar þegar til umræðu eru málefni samstarfsverkefnisins.

Þegar fyrir liggur að á dagskrá velferðarráðs Akureyrarbæjar er málefni samstarfsverkefnisins um þjónustu við fatlað fólk, þá skal áheyrendafulltrúi aðildarsveitarfélaganna fá boð um fund á viðeigandi dagskrárlið.

Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustupörf. Sá sem metinn er í mestri þörf fyrir þjónustu skal að öllu jöfnu hafa forgang að þjónustu, óháð búsetu. Þá gilda sömu viðmið um þjónustustig á svæðinu öllu. Þjónusta samkvæmt samningi þessum kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Þegar nýr einstaklingur er metinn til þjónustu samkvæmt samningi þessum skal hann nýta sér almenna stuðningsþjónustu sem nemur allt að 15 klukkustundum á viku sem er á ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 (hér eftir „félagsþjónustulög“). Áður en aðstoð er veitt skal matsteymi stuðningsþjónustu meta þörf og e.a. óska eftir SIS-þjónustumati. Um aukna þjónustupörf fer samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk. Sjá nánar verklýsingu í Viðauka 1 með samningi þessum.

Núverandi þjónustueiningar verða starfræktar áfram að óbreyttu, en þjónusta skal þó miðast við metna þjónustupörf á hverjum tíma. Ef óhjákvæmilegt er talið að gera breytingar á þjónustueiningum eða koma upp nýjum þjónustupáttum, sem hafa áhrif á heildarfyrirkomulag á rekstri og kostnað við þjónustu, skal breytingin koma til umfjöllunar og ákvörðunar velferðarsviðs Akureyrarbæjar annars vegar og til kynningar hjá framkvæmdarráði hins vegar. Við ákvörðun skal taka mið af 2. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk, hvað varðar aðkomu ráðherra málaflokksins, hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og/eða notendaráðs.

6. gr.

Fagráð. Samráð og samráðshópur

Til að tryggja samfellu og samráð um veitingu þjónustu skal vera starfandi fagráð, sem er skipað fulltrúum úr matsteymum velferðarsviðs. Þjónustustjóri velferðarsviðs er formaður fagráðsins og stýrir fundum þess. Teymið hefur faglegt ráðgjafahlutverk, er vettvangur til að fjalla um og taka á þyngstu málunum, veita faglega ráðgjöf um einstök mál og annað eftir atvikum er varða þjónustu í málefnum fatlaðs fólks í Eyjafirði. Sviðsstjóri velferðarsviðs Akureyrarbæjar hefur seturétt á fundum ráðsins. Fagráðið kallar til fundar þá starfsmenn í málaflokknum sem þurfa þykir hverju sinni.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks, skv. 42. gr. félagsþjónustulaga með síðari breytingum, er starfræktur á þjónustusvæði samningsins. Um er að ræða formlegan samráðsvettvang þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrjú (3) fulltrúar kosnir af sveitarstjórnnum af þjónustusvæðinu auk þriggja (3) fulltrúa sem tilnefndir eru af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Aðildarsveitarfélögin skulu koma sér saman um einn af þeim þremur fulltrúum sem sveitarstjórnir þjónustusvæðisins kjósa.

7. gr.

Stjórn þjónustusvæðis - Framkvæmdaráð

Aðildarsveitarfélög samningsins mynda framkvæmdaráð sem er vettvangur fyrir fulltrúa sveitarfélaganna til þess að fjalla um stefnumótun málaflokksins, almennan rekstur þjónustunnar á starfssvæðinu, starfsáætlun og rekstraryfirlit. Fundargerðir fagráðs skulu koma til upplýsinga á fundum framkvæmdaráðs en þó þannig að engar persónugreinanlegar upplýsingar komi fram. Framkvæmdaráð hefur umsagnar- og tillögurétt er varða rekstur og fjárhag málaflokka sem undir samning þennan heyra. Að öðru leyti hefur framkvæmdaráð eingöngu ráðgjafahlutverk og á ekki að fjalla um einstök mál er varða þjónustu. Fundargerðir framkvæmdaráðs skulu sendar sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga eftir hvern fund ráðsins og ber formaður framkvæmdaráðs ábyrgð á þeim verkþætti.

Í framkvæmdaráði eiga sæti sveitarstjórar aðildarsveitarfélaganna ásamt sviðsstjóra velferðarsviðs Akureyrarbæjar. Bæjarstjóri Akureyrarbæjar fer með formennsku ráðsins. Formaður skal kalla ráðið saman tvisvar (2) á ári en hver fulltrúi í framkvæmdaráði getur óskað eftir fundi utan þess tíma þyki þess þörf. Sviðsstjóri velferðarsviðs kallar til fundar ráðsins þá starfsmenn sem þurfa þykir hverju sinni.

Stefnumarkandi ákvarðanir koma til umræðu í framkvæmdaráði áður en þær fara til staðfestingar í bæjarstjórn Akureyrarbæjar og þurfa staðfestingu tveggja (2) annarra sveitarfélaga, auk Akureyrarbæjar, áður en þær koma til framkvæmda. Um er að ræða ákvarðanir eða ráðstafanir sem vænta má að breyti forsendum rekstrar viðkomandi verkefnis samkvæmt samningi þessum, að svo miklu leyti að breytingar hafi veruleg áhrif á þjónustu Akureyrarbæjar við íbúa eins eða fleiri aðildarsveitarfélaga eða þegar veita skal þjónustu umfram lögbundnar skyldur sveitarfélaga. Eins ef um er að ræða stórar ákvarðanir um eignfært viðhald fasteigna, nýfjárfestingu eða búnaðarkaup sem þarfnast samþykkis í viðauka við fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar og/eða hinna sveitarfélaganna. Ekki er þörf á staðfestingu annarra ákvarðana um framkvæmd verkefnis með vísan til 6. tölul. 4. mgr. 96. gr. svstj. nema þess sé sérstaklega getið í samningi þessum.

8. gr.

Stjórn þjónustusvæðis – Fjárfestun Fjárhagsáætlun

Akureyrarbær skal gera tillögu að fjárhagsáætlun komandi árs vegna þeirra þjónustubátta sem undir samning þennan falla. Sú tillaga skal lögð fram í framkvæmdaráði fyrir 15. september ár

hvert. Samhliða skal Akureyrarbær leggja fram tillögu að breytingum sem hafa áhrif á þriggja (3) ára rammaáætlun málaflokksins.

Framkvæmdaráð skal hafa lokið umfjöllun fyrir 15. október og skila umsögn til Akureyrarbæjar.

Gerri bæjarstjórn Akureyrarbæjar breytingar á tillögu að fjárhagsáætlun að lokinni umfjöllun framkvæmdaráðs, er felur í sér hækkun á heildarkostnaði sem nemur meira en 5% frá fyrri tillögu, skal sú breytingartillaga koma til umsagnar framkvæmdaráðs.

Fjárhagsáætlun, þeirra þjónustubátta sem undir þennan samning heyra, skal staðfest sem hluti af fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar í samræmi við VII. kafla svstjl.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema bæjarstjórn Akureyrarbæjar hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina í samræmi við VII. kafla svstjl. Viðaukatillögur skulu lagðar fyrir framkvæmdaráð til umsagnar líkt og fjárhagsáætlanir með að lágmarki viku fyrirvara. Ef viðaukin er innan við 2% af rekstri málaflokksins þá þarf ekki umsögn.

Framkvæmdaráði er jafnframt heimilt að kalla eftir upplýsingum frá Akureyrarbæ um þróun rekstrar og þjónustu er heyrir undir samning þennan.

9. gr.

Þjónusta Akureyrarbæjar

Akureyrarbær annast heildstæða þjónustu við fatlað fólk samkvæmt ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk, aðrar reglur og stjórnvaldsfyrirmæli er varða þann málaflokk; og samþykktir um þjónustu. Þá skal veiting þjónustu að auki taka mið af ákvæðum ssl.

Akureyrarbær tekur að sér að reka eftirfarandi þjónustubætti til að veita þjónustu á forsendum laga um málefni fatlaðs fólks:

- Ráðgjöf og aðra stuðningsþjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra.
- Sólarhringsþjónusta við fatlað fólk á heimilum.
- Iðja – Hæfing - Dagþjónusta, starfsþjálfun og verndaða vinnu.
- Skammtímadvöl.
- Stoðþjónusta umfram 15 tíma á viku.
- Búsetuþjónusta íbúða-og þjónustukjarnar og sambylí.
- Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn 10 til 20 ára.
- Búseta fyrir börn.
- Lífsleikni – þjálfun fyrir að flytja að heiman.
- SIS mat.

Veitir þjónustu í formi samninga:

- Stuðningsfjölskyldur/Helgardvöl.
- Notendastýrð persónuleg aðstoð.

- Notendasamningar.

Greining á börnum, sumardvöl, frístundþjónusta og akstursþjónusta er á ábyrgð hvers aðildarsveitarfélags og er ekki hluti af samningi þessum. Skilgreining þessara hugtaka samkvæmt lögum er að finna í Viðauka 2 með samningi þessum en fyrirhugað er að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gefi út leiðbeiningar um samræmda bókun kostnaðar og tekna vegna þjónustu við fatlað fólk. Skilgreiningin kann því að breytast á samningstímanum.

Þjónusta við fatlað fólk felur m.a. í sér eftirfarandi verkefni skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:

- a) Gerð samninga við sjálfseignarstofnanir eða aðra einkaaðila um þjónustu, sbr. 6. gr.
- b) Stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, sbr. 8. gr.
- c) Gerð notendasamninga, sbr. 10. gr.
- d) Gerð samninga um framkvæmd þjónustu skv. samningi um notendastýrða persónulega aðstoð, sbr. 11. gr.
- e) Hafa forystu í þverfaglegu þjónustuteymi um útfærslu þjónustu, sbr. 12. gr.
- f) Gerð samninga um stuðningsfjölskyldur, sbr. 15. gr.
- g) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr.
- h) Sumardvöl, sbr. 18. gr.
- i) Tilnefning málstjóra, sbr. 19. gr., sbr. lög nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- j) Vinnustaðir fyrir verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun, sbr. 24. gr.
- k) Veiting styrkja eða fyrirgreiðslna vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar, sbr. 25. gr.

10. gr.

Fjármögnun

Aðilar þjónustusvæðisins bera sameiginlega ábyrgð á fjármögnun þjónustu innan svæðisins eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.

0,25% af áætluðum útsvarsstofni aðildarsveitarfélaganna renna til Akureyrarbæjar með mánaðarlegum eða ársfjórðunglegum greiðslum sem byggja á staðgreiðsluáætlun útsvars. Ef samþykkt fjárhagsáætlun viðkomandi árs er hærri en áætluð fjárframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og 0,25% útsvarshlutar sveitarfélaga greiða sveitarfélögin sinn hlut samkvæmt íbúatölu sem Hagstofa gefur út árlega, í áætluðum halla mánaðarlega. Þá skulu fjárframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem byggja á mati á þjónustuþörf tiltekinn einstaklinga, ásamt tekjum af rekstri einstakra þjónustueininga renna til Akureyrarbæjar.

Uppgjör ofgreiddra eða vangreiddra framlaga aðildarsveitarfélaganna til Akureyrarbæjar vegna liðins árs fer fram þegar ársuppgjör (álagning) útsvars liggur fyrir ásamt endanlegum kostnaði við þjónustuna fyrir liðið starfsár.

Akureyrarbær sækir um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna NPA samninga og vegna frístundaþjónustu fatlaðra skólabarna og ungmenna, sem er þjónusta sem aðildarsveitarfélögin taka ákvörðun um að veita samkvæmt samkomulagi ríkis- og sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður leggur áherslu á að umsókn komi frá þjónustusvæði en ekki einstaka sveitarfélögum. Greiðsla styrks til aðildarsveitarfélaga tekur mið af og er reiknuð út frá umsókn sveitarfélags og afgreiðslu Jöfnunarsjóðs.

11. gr. Útgjöld

Akureyrarbær ber allan kostnað vegna þjónustu samkvæmt samningi þessum.

Eftirtaldar fasteignir eru nýttar í þjónustu við fatlað fólk. Listinn getur tekið breytingum á samningstímanum:

Þjónustukjarni Geislatúni 1	Þjónustukjarni Eiðsvallagata 34
Sambýli Snægili 1	Þjónustukjarni Hafnarstræti 16 (verður tekin í notkun 2024)
Þjónustukjarni Þrastarlundi 3-5	Skógarlundur, miðstöð virkni og hæfingar
Þjónustukjarni Klettatúni 2	Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur, Furuvöllum 1
Þjónustukjarni Kjalasíðu 1	Skammtímavistun fyrir börn og ungmenni ásamt skólavistun fyrir 10 til 20 ára.
Þjónustukjarni Hafnastræti 28-30 - Í þremur íbúðum er öryggisvistun með samningi við ráðuneyti. Sex íbúðir aðrar þar sem veitt er þjónusta	Þjónusta til stuðnings sjálfstæðri búsetu (stoðþjónusta)
Þjónustukjarni Vallatún 2	Samþætt við stuðningsþjónustu
Þjónustukjarni Hamratún 2	Þjónustan er veitt um allt þjónustusvæðið en viðamesta þjónustan tengist Akursíðu, Hjallalundi og Kjarnagata 14.
Þjónustukjarni Skútagil 2	
Þjónustukjarni Borgargil 1	
Búseta fyrir börn – Sporatún 43	
Þjónustukjarni í Klettaborgir 43	

Forræði yfir fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk er hjá húseigendum, þar með talið forræði yfir gerð leigusamninga við íbúa.

Framlögum vegna búnaðarkaupa stofnana samkvæmt lögum og reglugerðum þar um verður úthlutað af Akureyrarbæ samkvæmt fjárhagsáætlun.

Styrkir eða fyrirgreiðsla vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar, skv. 25. gr. laga um málefni fatlaðs fólks er á ábyrgð Akureyrarbæjar.

Kostnaður Akureyrarbæjar vegna umsýslu við verkefnið, s.s. bókhald, starfsmannahald, umsjón og samskipti vegna samningsins verður metinn inn í fjárhagsáætlun. Einnig kostnaður sem til fellur vegna innra eftirlits, uppgjörs, reglna og skýrslugerð sbr. 12 gr. samningsins.

Húsnæðisúrræði eru á ábyrgð Akureyrarbæjar, sbr. 9. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

12. gr.

Eftirlit, uppgjör, reglur og skýrslugerð

Akureyrarbær kemur á innra eftirliti með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk með gerð kröfúlýsingar fyrir starfstöðvar í málaflokki fatlaðs fólks. Um er að ræða lýsingu á kröfum sem Akureyrarbær gerir til tilgreindra starfsstöðva sem veita fötluðu fólki þjónustu til að tryggja sem best gæði þjónustu og að þjónustan sé í samræmi við lög, reglugerðir, alþjóðaskuldbindingar; og gæðaviðmið Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála í félagslegri þjónustu við fatlað fólk.

Sé kostnaður hærri skv. fjárhagsáætlun en tekjur; 0,25% útsvar og framlög úr Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks, skal skipta hallanum í samræmi við íbúafjölda aðildarsveitarfélaganna. Akureyrarbær innheimtir viðbótarframlagið mánaðarlega eða ársfjórðungslega í samræmi við fjárhagsáætlun. Séu tekjur hins vegar hærri en raunútgjöld skal Akureyrarbær endurgreiða öðrum aðildarsveitarfélögum í samræmi við íbúafjölda sveitarfélaganna.

Gera skal kostnaðaruppgjör ársins fyrir þjónustusvæðið, miðað skal við að innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir vegna janúar ár hvert.

Akureyrarbær setur reglur um þjónustu sem veitt er á forsendum samnings þessa. Reglurnar taka mið af reglugerðum og leiðbeinandi reglum ráðherra. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga þessa samnings skulu fá reglurnar til umsagnar áður en þær taka gildi.

Akureyrarbær skal gefa út ársskýrslu um starfsemi þjónustusvæðisins, þar sem meðal annars skal gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar. Þá ber Akureyrarbær ábyrgð á upplýsingagjöf vegna skila á gögnum til Hagstofu Íslands. Skal ársskýrslan fela í sér ársuppgjör sem tekur mið af lögum og reglum um bókhald og fjármál sveitarfélaga og vera m.a. sundurliðuð eftir bókhaldslyklum. Einnig skal ársskýrslan innihalda tölulegar upplýsingar brotið niður á aðildarsveitarfélag svo auðvelt sé að sjá kostnaðarþátttöku hvers sveitarfélags og hvernig þjónusta er veitt til íbúa þess.

13. gr.

Upplýsingagjöf

Fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefni sem falla undir samning þennan hjá Akureyrarbæ og bæjarfulltrúar Akureyrarbæjar, skv. 28. og 96. gr. svstjl.

Akureyrarbær ber ábyrgð á miðlun upplýsinga og gagna til annarra samstarfsaðila skv. 8. tölul. 4. mgr. 96. gr. svstjl. og á grundvelli annarra sérlaga.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum og skýrslum ef tilefni er til þess, en gæta skal þó þess að slíkar beiðnir íþyngi ekki stjórnsýslu Akureyrarbæjar um of.

Að öðru leyti gilda ákvæði svstjl. um upplýsingarétt sveitarstjórnarfólks, lög nr. 90/2018, um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga sem og önnur lög sem gilda um viðkomandi málaflokk.

14. gr.

Starfsfólk

Akureyrarbær er vinnuveitandi alls starfsfólks sem starfa að verkefnum sem samningurinn tekur til. Það þýðir að Akureyrarbær fer með ráðningarsamband og allar stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum, sér um afgreiðslu launa til starfsmanna og stendur skil á lögbundnum greiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum og iðgjöldum til stéttarféлага.

Óheimilt er að ráða í störf sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk, þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

15. gr.

Meðferð ágreinings

Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til héraðsdóms Norðurlands eystra, náist ekki samkomulag milli aðila.

16. gr.

Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi tekur gildi við birtingu hans í stjórnartíðindum eða eigi síðar en 1. júlí 2024 að undangenginni umfjöllun og staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarféлага, sbr. 2. mgr. 92. gr. svstjl. og er ótímabundinn með eins árs uppsagnarfresti sem miðast við áramót.

Aðildarsveitarfélög skuldbinda sig til þess að funda í upphafi nýs kjörtímabils og eigi síðar en 1. september eftir kosningar til þess að ræða áframhaldandi samstarf eða sammælast um að koma málefnum í breyttan farveg standi vilji til þess með hagnuni þjónustubega og samfelli í þjónustu að leiðarljósi. Sé vilji til þess að segja samningi upp í upphafi kjörtímabils skal uppsögn samnings berast fyrir áramót og tekur gildi einu ári frá þeim tíma.

Telji aðili að samningnum að hann hafi verið vanefndur eða að þjónustunni megi með einhverju móti koma betur fyrir skal kalla saman fund fulltrúa aðildarsveitarfélaganna á vettvangi framkvæmdaráðs. Að fengnu samþykki allra sveitarstjórna er hægt að endurgera samninginn innan samningstímans þar sem m.a. einhverjum hluta þjónustunnar verði komið fyrir með öðrum hætti, sem stenst þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi þjónustubáttar.

Breytast forsendur samningsins geta samningsaðilar farið fram á endurskoðun hans. Breyttar forsendur teljast m.a. (i) verulegar breytingar á ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og umfang og gæði þjónustu við fatlað fólk; og (ii) sameining sveitarféлага eða breytingar á mörkum þjónustusvæðis.

Samningur þessi er gerður í sex (6) jafngildum eintökum, eitt handa hverjum samningsaðila og eitt til ráðuneytisins í samræmi við 93. gr. svstjl.

Þannig samþykkt:

í bæjarstjórn Akureyrarbæjar	dags.
í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar	dags.
í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps	dags.
í sveitarstjórn Hörgársveitar	dags.
í sveitarstjórn Svalbarðsstrandahrepps	dag.

23. apríl 2024

Verklýsing um veitingu þjónustu

vegna samnings um sameiginlegt þjónustuvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk.

Sótt er um þjónustu skv. samningi Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps um sameiginlegt þjónustuvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar.

Félagþjónusta veitir almenna stuðningsþjónustu sem nemur allt að 15 klukkustundum á viku og er sú þjónusta alfarið á ábyrgð hluteigandi sveitarfélags. Sveitarfélög setja sér reglur um stuðningsþjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum á grundvelli leiðbeininga ráðherra sem tóku gildi 15. júní 2020.

Félagþjónusta ber ábyrgð á snemmtækri íhlutun og frumgreiningu í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, sbr. 14. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Sé stuðningsþörf vegna fötlunar meiri en svo að henni verði mætt á grundvelli laga um félagþjónustu nr. 40/1991 skal stuðningur samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir koma til viðbótar sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar og þjónustan samþætt í þágu notenda.

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði miðast við SIS-matsflokka 5 og ofar, en eiga að standa undir kostnaði við notendur.

Húsnæði fyrir fatlað fólk er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Um er að ræða húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Húsnæði fyrir fatlað fólk skiptist annars vegar í sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk og hins vegar í húsnæði með stuðningi.

- Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.
- Húsnæði með stuðningi er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili.

Umsækjandi skal uppfylla annan hvorn þessara liða:

- Umsækjandi um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk skal hafa staðfesta fötlunargreiningu og vera metinn í þörf fyrir sértækt húsnæði. Hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt matinu Support Intensity Scale (SIS) skal hann vera metinn í 8. flokk eða hærra, sem þýðir að viðkomandi þurfi yfir 15 klukkustundir í stuðning á viku.

- b) Umsækjandi um húsnæði með stuðningi skal hafa staðfesta fötlunargreiningu, vera með sérstakar stuðningsþarfir og ekki þurfa á viðvarandi næturþjónustu að halda. Hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt matinu Support Intensity Scale (SIS) skal hann vera metinn í 5. - 8. flokk.

Umsóknir um Skógarlund og PBI fara í gegn um Vinnumálastofnun.

Öll fötluð börn og langveik sem falla undir 1, 2 og 3 flokk umönnunarmats TR falla undir þjónustu skv. lögum nr. 38/2018.

Þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra sem veitt er skv. samningi þessum: stuðningsfjölskyldur skv. 15. gr. laga nr. 38/2018 og skammtímadvöl skv. 17. gr. sömu laga.

Skilgreining hugtaka þjónustu sem fellur ekki undir samning um sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk

Snemmtæk íhlutun og greining skv. 14. gr. laga nr. 38/2018

Verði starfsmenn félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða skóla þess áskynja að barn hafi einkenni sem geti bent til skerðingar skal upplýsa forráðamenn um þann grun og samhliða grípa til aðgerða í samráði við þá, þrátt fyrir að greining sérfræðinga liggja ekki fyrir. Skal frumgreining fara fram svo fljótt sem auðið er.

Sumardvöl skv. 18. gr. laga nr. 38/2018

Fötluð börn skulu eiga kost á að komast í sumardvöl að heiman eins og önnur börn. Sumardvöl er ætlað að gefa fötluðum börnum kost á að skipta um umhverfi og dveljast utan heimilis síns sér til ánægju og tilbreytingar. Um leyfi til reksturs sumardvalarstaðar og eftirlit með þeim fer eftir ákvæðum barnaverndarlaga.

Frístundaþjónusta skv. 16. gr. laga nr. 38/2018

Sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum fríðögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis. Ráðherra gefur út leiðbeiningar um framkvæmd þjónustu samkvæmt þessari grein að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Sveitarstjórn skal setja nánari reglur um þjónustuna á grundvelli leiðbeininga ráðherra.

Akstursþjónusta skv. 29. gr. laga nr. 40/1991

Fatlað fólk skal eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómtunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á

akstursþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem það nýtur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðherra setur nánari leiðbeiningar um akstursþjónustu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks þar sem m.a. skal kveðið á um tilhögun á akstri utan sveitarfélags og kostnaðarskiptingu vegna akstursþjónustu í dreifbýli. Sveitarstjórnnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningsgöngur á viðkomandi svæði.

Atvinna – stuðningur á vinnustað skv. 22. gr. laga nr. 38/2018

Hvers konar atvinnu- og hæfingartengd þjónusta sem ætluð er fötluðu fólki telst til vinnumarkaðsaðgerða. Vinnumálastofnun annast skipulag og vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk, þar á meðal vinnumiðlun, mat á vinnufærni og mat á þörf fyrir vinnumarkaðsúrræði, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Skipulag, framkvæmd og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun er á ábyrgð Akureyrarbæjar, nema annað sé sérstaklega ákveðið með samkomulagi ríkis og Vinnumálastofnunar. Kostnaður vegna þjónustu Vinnumálastofnunar og vinnumarkaðsúrræða á vegum hennar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal sérstakur stuðningur við atvinnuleitendur og eftirfylgni, svo sem kostnaður vegna vinnusamninga öryrkja, en kostnaður vegna vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun greiðist af sveitarfélögum, þar á meðal stoðþjónusta skv. 8. gr. Fatlað fólk skal eiga forgang að störfum hjá ríki og sveitarfélögum ef hæfni þess til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja.